

## **1.fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu Þórshöfn 22. ágúst 2014 og hófst kl. 15:30**

**Mætt eru:** Heiðrún Óladóttir, Dagrún Þórisdóttir, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð og svo var ekki.

### **1. Kosning varaformanns og ritara**

Heiðrún ber undir fundinn tillögu um að Hildur taki að sér ritarahlutverkið. Samþykkt samhljóða.

Kosning varaformanns. Leynileg kosning þar sem Dagrún Þórisdóttir fékk 3 atkvæði og Siggeir 2 atkvæði.

### **2. Fundarboð og fundartími**

Formaður spyr hvort fundarmenn hafi athugasemdir við fundarboð og fundartíma. Óskað eftir því að fundarboð séu einungis rafræn og fundargögn fylgi. Einnig þegar varamenn eru boðaðir. Samþykkt samhljóða.

Varðandi fundartíma eru fundarmenn sáttir við kl. 16.

### **3. Starfmannamál:**

**Umsóknir bornar undir fræðslunefnd.**

**GP- Ráðning leiðbeinenda**

Vilborg Stefánsdóttir 9.63 tímar í 1.-6.bekk. **Samþykkt samhljóða.**

**GP – Ráðning kennara**

Nikola Zdenko Peros 11,5 tímar 5. – 6. bekk og á unglingastigi. **Samþykkt samhljóða**

**GB – Ráðning leiðbeinanda**

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir í 100% stöðu. **Samþykkt samhljóða**

**Leikskólinn Barnaból - ráðning starfsmanna**

Margrét Höskuldsdóttir í 100% á Seli. **Samþykkt samhljóða**

Sigríður Margrét Gamalíelsdóttir í 56, 25%. **Samþykkt samhljóða**

### **4. Önnur mál**

Bréf frá MMR dags. 16. júní 2014 varðandi sundkennslu í grunnskólum.

Lagt fram til kynningar. Formaður ætlar að kynna sér málin frekar og verður þetta rætt á næsta fundi.

Tölvupóstur frá formanni Skólafélags Íslands. dags. 11. júlí 2014 varðandi námskeið fyrir nýja skólafélagsmenn og aðstoðarskólafélagsmenn.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð samstarfsnefndar SÍS og KÍ

-vegna Félags grunnskólakennara dagsett 19. júní 2014

- vegna Skólafélags Íslands dagsett 24. júní 2014

- vegna félags leikskólakennara dagsett 3. júlí 2014

Lagt fram til kynningar.

## **5. Trúnaðarmál – Fundi lokað og fundargerð rituð í trúnaðarbók**

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 16:40